



Oculis birtir niðurstöður aðalfundar 2025

ZUG, Switzerland, June 5, 2025 – Oculis Holding AG (Nasdaq: OCS; XICE: OCS) („Oculis“ eða „félagið“), tilkynnti í dag niðurstöður aðalfundar 2025 sem haldinn var 4. júní 2025 á Ochsen-Zug, Kolinplatz 11, CH-6300 Zug, Sviss, klukkan 13:00 að íslenskum tíma / 15:00 CEST / 09:00 EDT.

Hluthafar félagsins samþykktu alla dagskrárliði.

Hluthafar samþykktu ársreikning ársins 2024, þar á meðal lögbundin reikningsskil og samstæðureikning 2024.

Hluthafar tóku til greina að á grundvelli lögbundinna reikningsskila var tap félagsins CHF 5.179.000 á fjárhagsárinu sem lauk þann 31. desember 2024, og ákváðu að uppsafnað tap í efnahagsreikningi að fjárhæð CHF 46.577.000 skyldi flutt yfir á næsta reikningsár.

Hluthafar félagsins samþykktu og staðfestu aðgerðir og ákvarðanir stjórnar og framkvæmdastjórnar fyrir árið 2024.

Anthony Rosenberg var endurkjörinn sem formaður stjórnar. Christina Ackermann, Lionel Carnot, Arshad M. Khanani, Martijn Kleijwegt, Geraldine O’Keeffe, Riad Sherif og Robert K. Warner voru endurkjörin sem stjórnarmenn. Christina Ackermann, Lionel Carnot og Robert K. Warner voru endurkjörin sem meðlimir starfskjaranefndar. PricewaterhouseCoopers SA (Pully) voru endurkjörin sem endurskoðendur félagsins. PST Legal AG (Zug) var kjörið sem óháður umboðsaðili (e. Independent Proxy).

Hluthafar samþykktu starfskjör þeirra stjórnarmanna sem ekki sitja í framkvæmdastjórn:

- Hámarksfjárhæð fastrar (ekki frammistöðutengdrar) þóknunar fyrir stjórnarmenn sem ekki sitja í framkvæmdastjórn til loka aðalfundar félagsins árið 2026: Samtals USD 572.000.
- Hámarksvirði hlutafjár- eða hlutafjártengdrar þóknunar fyrir átta stjórnarmenn sem ekki sitja í framkvæmdastjórn til loka aðalfundar félagsins árið 2026: USD 2.150.000 (að undanskildu tryggingagjaldi og lífeyrисиðgjöldum launagreiðanda).

Hluthafar samþykktu starfskjör meðlima framkvæmdastjórnar:

- Hámarksfjárhæð fastrar (ekki frammistöðutengdrar) þóknunar fyrir þrjá meðlimi framkvæmdastjórnar fyrir almanaksárið 2026, til greiðslu á árinu 2026: Samtals USD 2.478.240.
- Hámarksfjárhæð breytilegrar þóknunar fyrir þrjá meðlimi framkvæmdastjórnar vegna almanaksársins 2025, til greiðslu á árinu 2026: Samtals USD 1.753.760.

- Hámarksvirði hlutafjár- eða hlutafjártengdrar þóknunar fyrir þrjá meðlimi framkvæmdastjórnar til loka almanaksársins 2026: USD 15.500.000 (að undanskildu tryggingagjaldi og lífeyrисиðgjöldum launagreiðanda).

Hluthafar samþykktu, í ráðgefandi atkvæðagreiðslu, starfskjaraskýrslu félagsins fyrir árið 2024.

Hluthafar samþykktu heimild til hlutafjárhækkunar (e. Capital Band) sem nemur 27.266.837 skráðum hlutum, sem leiðir til hækkunarheimildar frá CHF 545.336,74 til 818.005,11 og tilheyrandi breytinga á grein 3a, málsgreinum 1 til 3, í samþykktum félagsins í þeirri mynd sem birt er á vefsíðu félagsins á <https://investors.oculis.com/corporate-governance>.

Hluthafar samþykktu skilyrta heimild til útgáfu á hlutafé fyrir starfsmenn og einstaklinga í sambærilegum stöðum, sem nemur að hámarki CHF 124.800 með útgáfu 12.480.000 skráðra hluta, og tilheyrandi breytingu á grein 3c, málsgrein 1, í samþykktum félagsins í þeirri mynd sem birt er á vefsíðu félagsins á <https://investors.oculis.com/corporate-governance>.

Um Oculis

Oculis er alþjóðlegt líftæknyfirtæki (Nasdaq: OCS; XICE: OCS) sem hefur það að markmiði að þróa augnlyf sem bæta sjón í alvarlegum augnsjúkdómum. Í þróun hjá félaginu eru ný augnlyf sem geta haft byltingarkennd áhrif. Þar á meðal er OCS-01, augndropar byggðir á Optireach® tækni félagsins. Klínískar rannsóknir á OCS-01 hafa sýnt verulegan árangur í meðferð á sjónhimnubjúg í sykursýki og til meðhöndlunar á bólgu og verkjum eftir augnaðgerðir. Þá er félagið með OCS-02 í klínískum prófunum en það eru augndropar sem innihalda TNF-hamlara líftæknylf, sem verka gegn augnþurrki og bólgu í yfirborði augans. Loks má nefna OCS-05, sem bundnar eru vonir við að geti hjálpað til við meðhöndlun á hrörnun eða rýrnun taugavefs í auga sem tengist sjúkdómum svo sem sjóntaugabólgu, gláku, hrörnun í augnbotnum, sjónhimnusjúkdómi í sykursýki og hornhimnusjúkdómi vegna taugaskemmda. Höfuðstöðvar Oculis eru í Sviss og félagið er með starfsstöðvar í Bandaríkjunum og á Íslandi. Oculis stefnir að því að koma lyfjum á markað sem geta gjörbreytt og auðveldað meðhöndlun algengra augnsjúkdóma um allan heim. Stjórnendur Oculis hafa mikla reynslu á sviði lyfjaiðnaðar og hafa náð miklum árangri hver á sínu sviði. Þá standa leiðandi alþjóðlegir fjárfestingarsjóðir á sviði heilbrigðisvísinda að baki félaginu.

Frekari upplýsingar má finna á www.oculis.com.

Tengiliðir hjá Oculis

Ms. Sylvia Cheung, CFO
sylvia.cheung@oculis.com

Fjárfestatengsl

LifeSci Advisors
Corey Davis, Ph.D.
cdavis@lifesciadvors.com

Fjölmiðlatengsl

ICR Healthcare
Amber Fennell / David Daley / Sean Leous
oculis@icrhealthcare.com